

Ed.

100. Frumvarp til laga

[88. mál]

um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Við löginn bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara innan fiskveiðilandhelgi, dags. 28. nóvember 1975, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra þýsku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru veiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæði samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samkomulagsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þingsályktun 28. nóvember 1975 hefur Alþingi veitt ríkisstjórninni heimild til að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara. Samkvæmt því samkomulagi er þýskum veiðiskipum, sem tekin eru á skrá, sem er fylgiskjal samkomulagsins, heimilaðar veiðar á tilteknum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar þann tíma sem samkomulagið gildir. Veiðar af hálfu þeirra veiðiskipa, sem fara í bága við ákvæði samkomulagsins, varða þeim viðurlögum, að þau skip verða felld niður af skránni, og missa þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt samkomulaginu. Rétt þykir að marka framkvæmd á sviptingu leyfis með þeim hætti, sem í frumvarpi þessu greinir, þannig að dómsmálaráðuneytinu sé falið að taka ákvörðun um það efni, er það hefur fengið í hendur málgögn frá Landhelgisgæslunni. Komi til brot af hálfu skips, sem ekki er á skránni eða strikað hefur verið út af skrá, fer um það eftir almennum reglum.